

## Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

### Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2014.

Á skýrslufundi (aðalfundi) sem haldinn var þann 25. febrúar 2014 hjá Nýherja, Borgartúni 25, var fyrri stjórn og varastjórn endurkjörin en hana skipa Ágúst Úlfar Sigurðsson, Bergsveinn Þórarinsson, Bergþóra K. Ketilsdóttir, Jón Ragnar Höskuldsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns.

#### Félagsstarf

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Sá fyrri þann 2. maí hjá Icepro Kringlunni 7 Reykjavík og var Þorsteinn Hallgrímsson þá kosinn formaður stjórnar. Sá síðari var haldinn þann 29. september hjá Borgun Ármúla 30, Reykjavík. Þakka ber fyrir veitingar á fundunum.

#### Saga upplýsingatækni á Íslandi / Söguvefur

Á síðasta aðalfundi var greint frá því að til stæði að skrifa sögu upplýsingatækni frá upphafi til ársins 2000 eða 2010. Megin þemað eigi að vera áhrif upplýsingatækni á íslenskt þjóðlíf og þjóðfélagsbreytingar vegna hennar.

Kveikjan að þessu var sú að mjög erfitt reyndist að fá ný innlegg í söguvef Ský og að haustið 2014 voru liðin 50 ár frá því að fyrstu tölvurnar voru teknar í notkun á Íslandi. Öldungadeild kynnti hugmyndina fyrir stjórn Ský og óskaði eftir samstarfi um að gera þetta að veruleika. Viðbrögð Ský voru mjög jákvæð og ákveðið var að láta reyna á hvort hægt væri að fjármagna verkið með því að leita eftir fjárframlögum frá fyrirtækjum í upplýsingaiðnaði og hjá opinberum stofnunum. Áætlaður heildarkostnaður er 15 milljónir krónur. Einnig var rætt um að auk vefútgáfu ætti að gefa út bók og/eða rafbók.

Ljóst var að áður en unnt væri að ráða mann til að skrifa söguna yrði að tryggja nægt fé til að greiða laun og kostnað við útgáfuna. Ákveðið var að ráða stafsmanntil söfnunar fjárframlaga og var Auður Sigríður Kristinsdóttir fengin til þess. Forsenda þess að ráða hana var að tryggja greiðslu til hennar óháð endanlegum árangri og tókst það með góðri samstöðu stjórnarmanna Öldungadeildar. Alls söfnuðust um 6,5 millj. króna og var þá ákveðið var að hefjast handa.

Skipuð var ritnefnd og eftir nokkrar tilfæringar skipa hana nú þau Arnlaugur Guðmundsson, Frosti Bergsson, Gunnar Ingimundarson, Sigurður Bergsveinsson, Sigríður Olgeirsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson. Með ritnefnd starfa þau Arnheiður Guðmundsdóttir og Þorsteinn Hallgrímsson. Sigurður var af nefndarmönnum útnefndur formaður ritnefndar.

Ritnefnd hóf þegar störf og var sammála um að skipta rituninni upp í fimm 10 ára tímabil frá 1964-2014 og hafa tíðarandann að leiðarljósi í hverjum kafla fyrir sig. Eftir nokkra yfirlegu var gerður samningur við Þorgrím Gestsson um ritun sögunnar og er gert ráð fyrir að verkinu ljúki haustið 2015. Hann hóf verkið sl. haust með því að eiga viðtöl við hátt í 30 manns og staðan nú er sú að hann hefur skrifað um 55 – 60 síður. Auk hefðbundins texta er gert ráð fyrir rammagreinum um tiltekin efni og að í vefriti verði tenging í viðtöl við valinn hóp.

Á síðasta aðalfundi kom fram hugmynd um að hægt væri að stofna Fésbókarsíðu þar sem allir gætu sýnt frumkvæði og sagt frá atvikum, tækni, atburðum og ýmsum fróðleik sem liggur víða og erfitt gæti verið að finna. Þessari hugmynd hefur verið komið á framfæri við ritnefnd en hún telur heppilegra að senda upplýsingarnar og sérstaklega myndir til Ský á pósthfangið sky@sky.is

## **Minjasöfnun**

Undanfarin ár var mikið unnið að því safna eldri búnaði, skrá hann, mynda og búa um til geymslu og er hann í varðveislu Nýherja hf. Nokkrar blikur voru á lofti sl. haust varðandi þennan búnað en það leystist farsællega. Ekki hefur bæst mikið við af búnaði á árinu en vert er að geta IBM M2000 samstæðu í keyrsluhæfu standi. Hún er nú hjá Íbúðalánasjóði en brýnt er að finna henni góða geymslu. Það sama á við um búnað í vörslu RB.

## **Ráðstefnur**

Þau Anna Kristjánsdóttir og Arnlaugur Guðmundsson sóttu HiNC4 (history of Nordic computing 4) ráðstefnuna sem halldin var í Kaupmannahöfn dagan 13. til 15. ágúst 2014. Þar hélt Anna erindi sem nefnist „Relationship between IT and Learning“. Einnig heimsóttu þau mjög gott eldri tölvubúnað en þar gefst áhugsömum á öllum aldri endurvirkja búnaðinn, eftir atvikum með viðgerðum eða nýjum forritum.

## **Lokaorð**

Það er að sjálfsgöðu markmið Öldungardeildar að efla starfið og fjölga félögum en ekki var gert sérstakt átak til að kynna Öldungadeildina, enda hefur félögum ekki fjölgað á árinu. Formaður mælist til að núverandi félagar hafi samband við þá sem þeir þekkja og hvetji þá til að gerast félagar. Öllum sem sótt hafa fundi og/eða lagt starfi Öldungardeildar Skýrslutæknifélags Íslands lið á árinu 2014 skal hér með þakkað af alhug.